

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Helgafellshverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Afmörkun íbúðarsvæðisins í Helgafellslandi breytist lítillega til austurs, til suðurs við Skammadalsslæk og við Sauðhól og við breytinguna stækkar íbúðarsvæðið um 4,3 ha á kostnað opins óbyggðs svæðis.
- Lega tengibrautar frá Vesturlandsvegi að íbúðarhverfinu breytist sunnan og austan við Brekkuland þannig að brautin færir nær núverandi byggð.
- Lega tengibrautar frá Þingvallavegi til suðurs færir nær byggð í Ásahverfi.
- Um 0,5 ha íbúðarsvæði/blönduð byggð austan núverandi byggðar við Ásland og vestan gatnamóta tengibrautanna frá Vesturlandsvegi og Þingvallavegi breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. nóvember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.